

# RÍKISSAKSÓKNARI

SJF

Reykjavík, 1. október 2014

Tilvísun ríkissaksóknara: 201111-0922

Ríkissaksóknara hafa borist tvö bréf endurupptökunefndar, dags. 4. september 2014, er varða beiðnir Ragnars Aðalsteinssonar hrl., f.h. Erlu Bolladóttur og Guðjóns Skarphéðinssonar, um endurupptöku hæstaréttarmálsins nr. 214/1978: Ákærvaldið gegn Kristjáni Viðari Viðarssyni, Sævari Marinó Ciesielski, Tryggva Rúnari Leifssyni, Albert Klahn Skaftasyni, Erlu Bolladóttur og Guðjóni Skarphéðinssyni.

Samkvæmt 1. mgr. 213. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 (sml.), ber mér að skila endurupptökunefnd skriflegum greinargerðum um viðhorf mitt til endurupptökubeiðnanna, en í nefndum bréfum endurupptökunefndar er þess farið á leit við ríkissaksóknara „...að embættið láti nefndinni í té rökstudda afstöðu til endurupptökubeiðninnar og taki afstöðu til þess hvort skilyrði þau sem nánar er lýst í 211. gr. laga nr. 88/2008 teljist uppfyllt að mati ríkissaksóknara.“

Endurupptökubeiðnirnar byggjast m.a. á þeim rökum að með nýjum gögnum hafi verið sýnt fram á að játningar sakborninga í svokölluðum Guðmundar- og Geirfinnsmálum, sem var einn helsti grundvöllur sakfellingar, hafi verið fengnar fram með ætlaðri refsiverðri háttsemi þeirra sem komu að rannsókn málanna, en í beiðnunum er vísað til b. liðar 1. mgr. 211. gr. sml. hvað þetta atriði varðar. Ákvæðið fjallar um það skilyrði fyrir endurupptöku að ætla megi að lögregla, ákærandi, dómari eða aðrir hafi haft í frammi refsiverða háttsemi í því skyni að fá fram þau málalok sem orðin eru. Þá er í beiðnunum vísað til þess að ætla megi að verulega miklu hefði skipt fyrir niðurstöðu málanna ef þessi nýju gögn hefðu komið fram áður en dómur gekk, sbr. a. liður 1. mgr. 211. gr. sml. Einnig vísa endurupptökubeiðendur til ákvæða c. og d. liða 1. mgr. 211. gr. sml. og telja að uppfyllt séu þau skilyrði til endurupptöku dæmde sakamáls sem þar er lýst, og grundvallast sú ályktun m.a. á þeirri málsástæðu sem nefnd var hér í upphafi og varðar ætlaða refsiverða háttsemi þeirra sem að rannsókninni komu.

Örn Höskuldsson, fulltrúi yfirsakadómarar, vann að rannsókn beggja málanna og stýrði rannsókn þeirra framan af. Örn er kvæntur móðursystur minni. Þessar aðstæður gefa réttmætt tilefni til að efast um óhlutdrægni mína hvað varðar umsögn ríkissaksóknara um viðhorf til endurupptökubeiðnanna, sbr. 1. mgr. 26. gr. og g. liður 1. mgr. 6. gr. laga nr. 88/2008. Niðurstaða um hæfi mitt ræðst ekki af því hvort ég telji mig geta fjallað um beiðnirnar á hlutlægan hátt, heldur ræðst hún af því hvort almenningur og þeir sem hlut eiga að máli geti treyst því að svo sé.

Með skírskotun til þess sem ég hef reifað hér að framan tilkynni ég dómsmálaráðherra hér með að ég tel mig vera vanhæfa til að veita endurupptökunefnd umsögn um viðhorf mitt til þeirra tveggja endurupptökubeiðna sem fram eru komnar vegna Hæstaréttarmálsins nr. 214/1978. Er því nauðsynlegt að settur verði löghæfur maður til þess verkefnis, sbr. 1. mgr. 26. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008.

Meðfylgjandi bréfi þessu eru bréf endurupptökunefndar, dags. 4. þ.m., ásamt yfirlitum yfir fylgiskjöl, og afrit bréfs Ragnars Aðalsteinssonar hrl. til endurupptökunefndar dags. 26. júní sl. ásamt endurupptökubeiðnum Erlu Bolladóttur og Guðjóns Skarphéðinssonar, dags. 26. júní sl.



Sigríður J. Friðjónsdóttir

ríkissaksóknari



Dómsmálaráðherra

*Afrit:*

*Endurupptökunefnd, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík*

*Ragnar Aðalsteinsson hrl., Klapparstíg 25-27, 101 Reykjavík*